

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi.

#### 1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Fljótsdalshreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

#### 2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina. Rotþró skal hreinsa að jafnaði annað hvert ár. Rotþróarseyru skal farga á viðurkenndan hátt, sbr. reglugerð um meðferð seyru nr. 799/1999. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

#### 3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal á lagt og innheimt á sama hátt og önnur fasteignagjöld til Fljótsdalshrepps.

#### 4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 18. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbrefabjónustu.

#### 1. gr.

Í stað núverandi 3. tl. 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi 3. tl.:

#### 3. Áhættuvog 0,5:

- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins,